



Velferðarnefnd
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 13. mars 2019

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um velferðartækni
296. mál 149. löggjafaping 2018-2019**

Landspítali fagnar framkominni þingsályktunartillögu og telur umfjöllunarefnið bæði þarft og mikilvægt. Landspítali vill þó koma nokkrum athugasemdum á framfæri.

Brýnt er að markmið vinnuhópsins sé skýrt og rammi vinnunar augljós. Mun vinnan snúa að sveitarfélögum eða ríkinu og stofnunum þessara aðila, eða beggja? Þá er mikilvægt að skýrt sé hvar velferðartæknin á að nýtast. Er hér átt við félagslega velferðartækni, velferðartækni í heimaþjónustu eða fjarlækningar? Hér þarf að skýra málefnasvið þeirrar nefndar sem lagt er til að taki málið til umfjöllunar.

Landspítali vill vekja athygli nefndarinnar á nýrri dæmum og umfjöllunum um velferðartækni en tiltekin eru í greinagerð tillögunnar, m.a. frá Danmörku, Noregi og Finnlandi sem m.a. var kynnt á nýlegum Læknadögum - sjá t.d. hér:
https://www.facebook.com/velferdsteknologioprogrammet/?__tn__=%2CdkCH-R-R&eid=ARBOhyoA6PKMAZgOxTkxJuuIW3oJohWP6TgwkOLi3q6nW7jvNNEbKCWtHm9hGBqI424bgTQnZpY6kJ6y&hc_ref=ARQld32SpQNFIT8nOGnSPYdm-OVfRsbSmSBLt4LrM0uJbO8e4TX6En8JkKIs4EVxdV0&fref=nf&hc_location=group

Fh Landspítala

Páll Matthíasson, forstjóri